



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

FÉL 203

Próftími 90 mínútur

Nafn : _____ **Kennit:** _____

Kennari: _____

Hjálpargögn: Skrifffæri

Til athugunar:

Prófið er **8** síður auk forsíðu og skiptist í þrjá hluta.

Krossaspurningar **30%**

Almennar spurningar og atriði úr texta **40%**

Valspurningar **30%**

Heildarvægi prófs í lokaeinkunn 60%



Gangi þér vel.

I. Fjölvalsspurningar (30%). Setjið X í reitinn framan við réttasta svarmöguleikann.

1. *Erfðastéttakerfi* vísar til þess að ...
 - aðeins elstu synir getir tekið arf eftir foreldra
 - félagslegur hreyfanleiki sé mikill
 - félagsleg lagskipting gangi í erfðir
 - stéttarstaða manna ráðist alfarið af atvinnu þeirra

2. *Félagsfræðilegt sjónarhorn* ...
 - leitast aðallega við að draga fram það sem er einstakt eða öðruvísi í sérhverju samfélagi
 - leitar líffræðilegra skýringa á félagslegum fyrirbærum
 - sýnir hið almenna í hinu sérstaka, eða hvernig samfélagið mótar líf okkar
 - segir nauðsynlegt að skoða mál frá öllum hliðum

3. *Chicago-skólinn* var fyrsta félagsfræðistofnun Bandaríkjanna og sérlega þekktur fyrir *mícrórannsóknir*, sem bendir til þess að hann hafi aðhylls
 - samvirknikenningar
 - samskiptakenningar
 - átakakenningar
 - samvirkni- og átakakenningar

4. Þegar *stóll* fær fyrir okkur merkinguna *barefli* af því við sjáum mann nota stól til að berja á andstæðingi sínum, þá er það til marks um að við séum menn ...
 - efahyggju
 - raunhyggju
 - efnishyggju
 - nauðhyggju

5. Í kenningu Max Webers um félagslega lagskiptingu er lögð megináhersla á ...
 - átök eigenda framleiðslutækjanna og launamanna
 - að bylting sé einasta leiðin til afnáms stéttaskiptingar
 - að lagskipting gerist á grundvelli efnahags, virðingar og valda
 - að lagskiptingin skipi börnum í sömu stétt og foreldrunum

6. Í *vinnugildiskenningu* Marx kallast það þegar fólk neyðist til að selja vinnu sína, sem verður þá ekki lengur skapandi heldur eingöngu brauðstrit.
- gildisauki
 - arðrán
 - fíring
 - marxísk efnishyggja
7. *Pósítívismi* byggir á...
- aðferðafræði megindlegra rannsókna
 - aðferðafræði þáttökurannsókna
 - aðferðafræði eigindlegra rannsókna
 - alþýðuskýringum félagslegra fyrirbæra
8. *Félagsleg vanvirkni* heitir það samkvæmt samvirknikenninum þegar ...
- nemendur flosna uppúr námi og koma út á atvinnumarkaðinn, þar sem engin þörf er fyrir þá
 - þegar einhver einstakur þáttur (stofnun) samfélagsins hefur óæskileg áhrif á starfsemi þess
 - atvinnufyrirtæki leggja upp laupana (hætta)og starfsmennirnir missa vinnuna
 - opinberar stofnanir hafa dulda virkni samfara hinni yfirlýstu virkni
9. Þegar við látumst ekki sjá það þegar aðrir gera mistök, þá er það líklega vegna ...
- sjálfsagðrar kurteisi
 - meðaumkunar með þeim er mistökin gerir
 - þess að mistök annarra eru okkur áminning um hversu brothætt framkoma okkar sjálfra er
 - þess að við veitum slíkum mistökum sjaldnast neina athygli
10. Svokölluð hömlunarkenning gerir ráð fyrir að ...
- persónuleikaeinkenni stýri því hvort einstaklingur hneigist til afbrota eða hlýði viðmiðum
 - því lengur sem ungu fólki er haldið heima þeim mun ólíklegra sé það til að fremja afbrot
 - allar hömlur sem settar eru á að ungt fólk sé án eftirlits fullorðinna auki hlýðni við viðmið
 - aðeins fangelsisvist hamli gegn ítrekun afbrota

11. Samkvæmt Kuznets-kúrfunni, sem lýsir sambandi félagslegrar lagskiptingar og tækniþróunar, þá ...
- vex félagsleg lagskipting í réttu hlutfalli við aukna tækniþróun
 - dregur úr félagslegri lagskiptingu við aukna tækniþróun
 - vex félagsleg lagskipting samfara aukinni tækniþróun þar til samfélög nálgast það að verða iðnvædd, en þá dregur aftur úr henni
 - er félagsleg lagskipting í lágmarki í akuryrkjusamfélögum
12. Félagsfræðin varð til sem fræðigrein í kjölfar ...
- landafundanna miklu 1492
 - sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna 1776
 - Tyrkjaránsins 1627
 - samfélagsbreytinga í Evrópu á 18. og 19.öld
13. *Frumkommúnismi* einkennir samfélög á stigi ...
- () safnara og veiðimanna
 - () hjarðmanna
 - () akuryrkju
 - () iðnaðar
14. Þegar tveir ókunnugir einstaklingar mætast á götu og forðast augnsamband til að koma í veg fyrir að virðast ágengir eða fjandsamlegir, þá er á ferðinni ...
- félagslegt taumhald
 - formlegt afskiptaleysi
 - sjúkleg feimni
 - skortur á sjálftrausti
15. Samkvæmt hugmyndum félagsfræðingsins Travis Hirschi verður best spornað við afbrotum með því að...
- læsa afbrotamenn inni og henda lyklunum
 - þyngja til muna allar refsingar til að auka á fælingarmátt þeirra
 - takmarka athafnir ungs fólks sem fara fram án eftirlits fullorðinna
 - gefa afbrotamönnum kost á samfélagsþjónustu á stað fangelsunar

II. Skilgreiningar (40%) 5X8 Skýrið eftirfarandi hugtök og notið endilega dæmi ef við verður komið.

1. Eigingjarnt sjálfsvíg _____

2. Túlkunarsinnar og eigindlegar aðferðir

3. Kapítalisti _____

4. Gildisauki _____

5. Frankfurt skólinn _____

6. Atferlisstefna _____

7. Afturvirk stimplun _____

8. Félagslegur hreyfanleiki _____

III. Valspurningar (30%) 3x10 Veljið 3 (ekki fleiri) af eftirfarandi 5 verkefnum. (Númerið verkefni 1-3)

1. Gerðu grein fyrir hugmyndum *samvirknikenna* (Davis og Moore) um *félagslega lagskiptingu* og gildi hennar fyrir samfélagið.
2. Gerðu skil 4 helstu röksemdum til réttlætunar á að refsar fyrir afbrot.
3. Gerðu grein fyrir *stimplunarkenningunni* og í því samhengi fyrsta. og annars stigs *frávikum*, sem og framabraut frávikum.
4. Gerðu grein fyrir og skýrðu þann mun sem er á samfélagslegu hlutverki skóla samkvæmt samvirknikenningum og áttakeningum.
5. Færðu rannsóknarök að því að tilfinningar séu ekki ákvarðaðar menningarlega heldur líffræðilega; ekki áunnar heldur áskapaðar.

